Ed. **316. Frumvarp til laga** [137. mál]

um verðjöfnunargjald af raforku.

(Eftir 3. umr. í Nd., 22. des.)

1. gr.

1. gr. laga nr. 83/1974 orðast þannig:

Greiða skal 19% verðjöfnunargjald í Orkusjóð af seldri raforku á síðasta stigi viðskipta þ. e. sölu til notenda, en notandi telst sá, sem endurselur ekki raforkuna.

Verðjöfnunargjaldinu skal varið til að bæta fjárhag Rafmagnsveitna ríkisins og Orkubús Vestfjarða. Hækkun gjaldsins um 6% skal varið til að ná fram verðjöfnun á töxtum til heimilisnotkunar og iðnaðar hjá þessum aðilum. Rafmagnsveitur ríkisins skulu fá sem svarar 80% af tekjum af verðjöfnunargjaldi, en Orkubú Vestfjarða 20%.

2. gr.

Í stað „1975“ í 16. gr. laga nr. 83/1974 kemur: 1979.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.